

Umsögn um breytingu á lögum nr. 35/1970 um Kristnisjóð ofl., með síðari breytingum.

Lagt er til að 5 gr. laganna falli niður sem fjallar um skyldur sveitarfélaga til að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.

Umsögn:

Fríkirkjan í Reykjavík aðhyllist fullt jafnræði kristinna söfnuða í landinu til framlaga úr ríkissjóði. Hér er ekki verið að fjalla um framlag ríkisins heldur styrk frá sveitarfélögum. Sama sjónarmið á að ríkja á þeim vettvangi þannig að útvíkka þarf 5.gr laganna þannig að hún nái yfir kirkjur allra kristinna söfnuða á landinu en þannig myndi nafn sjóðsins „kristnisjóður“ rísa undir nafni. Sveitarfélögum er ekki stætt á að mismuna trúfélögum þegar kemur að styrkveitingum sem þessum.

Að sama skapi þarf að útvíkka heimildir í 21. gr. laganna þannig að lagaákvæðið nái til allra kristinna kirkna og starfsmanna þeirra á landinu, ekki eingöngu þjóðkirkjunnar. Stofnfé Kristnisjóðs er m.a. Kirkjujarðarsjóður. Kirkjujarðirnar sem mynduðu andlag sjóðsins voru eign þjóðarinnar allrar á tímum þegar ekkert trúfrelsi ríkti og öll þjóðin var skyldug að tilheyra þeirri ríkiskirkju sem þá var starfandi.

Fríkirkjan í Reykjavík leggst því gegn framkominni tillögu og hvetur til endurskoðunar laganna um Kristnisjóð með ofangreind sjónarmið að markmiði.

Umsögn frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu
Vegna

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 50 — 50. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeypis lóðir).

Frumvarpið sem hér er lagt fram gengur út á það að skerða verulega möguleika trúfélaga, sér í lagi þeirra fjármíni, til þess að koma sér upp húsnæði og sinna þjónustu sinni við samfélagið. Hvergi í greinargerð með frumvarpinu er því velt upp hvort það skipti ekki máli að yfirgnæfandi meirihluti brúðkaupa og jarðarfara, sem eru embættisverk, fari fram í slíku húsnæði. Hvergi er minnst á þá samfélagslegu þjónustu sem trúfélög veita gegnum félagsstarf sitt.

Í frumvarpinu er fjallað um hversu mikið einsleitara trúarlíf var þegar lögín voru sett. Nær öll kristin trúfélög utan þjóðkirkju voru þó starfandi þá og mörg hver búinn að byggja sér húsnæði á lóðum fengnum með þessum hætti. Vissulega eru komin fleiri trúfélög, en það hefur ekki verið mikil aukning á trúfélögum sem hafa byggt sér hús.

Það er ákaflega sérstakt að í rökstuðningi með þessu frumvarpi sé talað um hversu slæmt það hafi verið að neikvæð umræða hafa skapast vegna úthlutunar á lóð undir mosku. Það mætti skilja sem svo að samfélag múslíma á Íslandi væri betur sett í dag hefði það ekki fengið lóð. Með því að setja frumvarpið fram af þessum sökum er verið að láta undan þeim sem láta freklega og fara fram með hatursorðræðu gegn trúfélögum og minnihlutahópum, það sé betra að friða þá en gera trúfélögum mögulegt að sinna starfi sínu.

Fordómar, þröngsýni og ótti eru rótin að hatursfullri umræðu, tilvist þessara laga hefur ekkert með það að gera og brottfall þeirra mun engu breyta, nema kannski drepa niður fjölbreytileika í trúarflóru landins.

Þegar fjallað er sérstaklega um jafnræðissjónarmiðin, og hvernig lögín hafa verið túlkuð, er búin til flækja sem virðist ekki hafa flækst fyrir mörgum hingað til. Fjallað er um að óljóst sé hvort lögín eigi við um aðra en þjóðkirkjuna eða aðrar en kirkju.

Eru einhver dæmi þess að trúfélagi hafi verið neitað um lóð á þeim forsendum að lögín séu óskýr hvað þetta varðar?

Í greinargerð með frumvarpinu er mikið talað um lagaleg vafamál, óvissu, spennu milli trúfélaga og styr sem kemur undirrituðum mjög á óvart. Hafandi starfað um árabil í trúfélagi utan þjóðkirkju er ekki hægt að segja annað en að allt þetta sé mjög framandi. Aftur á móti er málf lutningur sem þessi, úr ranni húanista og pírata, ekki nýr af nálíni. Eina spennan sem trúfélög upplifa er frá þeim sem eru á móti þáttöku trúfélaga í opinberu lífi og að starfsemi þeirra sé viðurkennd af ríkinu.

Í greinargerð með frumvarpinu er málinu stillt upp eins og aðeins sé tveir möguleikar gagnvart lögunum eins og þau standa.

Fyrri möguleikinn er alveg ómögulegur, en það er að lögunum sé fylgt án tilliti til hefðar og fordæma um hvernig þeim hefur verið fylgt og aðeins Þjóðkirkjan fái lóðir. Hinn möguleikinn, sem er það sem þingmennirnir vilja, er að lögin séu felld úr gildi - aftur er vísað til spennu milli trúfélaga sem það á að leysa.

Eitt sem þingmennirnir taka ekki með í reikninginn er að Þjóðkirkjan hefur þegar byggt kirkjur út um allt land í krafti þessara laga. Aukin fjölbreytni í trúarlífi landsmanna er mjög oft nátengd innflytjendum. Það er þekkt að fyrstu kynslóðir innflytjenda eru oft hópur sem hefur lítið milli handanna og að gengi næstu kynslóða á eftir fer að miklu leyti eftir því hversu vel fyrstu kynslóðum gekk að ná fótfestu. Þessi trúfélög, sem oftar en ekki eru hjartað í samfélögum innflytjenda, hafa ekki fjárhagslegt bolmagn Þjóðkirkjunnar. Er sanngjarn að nú þegar fjölbreytnin eykst eigi að ætlast til þess að yngri og fjárminni trúfélög starfi á allt öðrum grunni en Þjóðkirkjan og aðrir kristnir söfnuðir sem þegar hafa komið sér upp húsnæði? Frumvarpið er verst fyrir þessi trúfélög.

Í greinargerðinni er sérstaklega fjallað um hversu slæmt það var að neikvæð umræða hafi átt sér stað tengd lóðarúthlutun til samfélags múslima. Vissulega opinberuðust þá miklir fordómar gegn múslimum og sannarlega féllu hatursfull ummæli. Slík ummæli dæma sig oftast sjálf þó vissulega séu þau meiðandi. Verra er þó að sitja undir málflutningi eins og kemur fram í greinargerðinni þar sem fulltrúar löggjafavaldsins setja fram fullyrðingu á borð við „trú- og lífskoðunarfélög eru í eðli sínu umdeild...” hvað þýðir þetta? Með þessu er trúfélögum öllum stillt upp sem vandræðafyrirbærum sem valda bara óróa í samfélaginu. Trúfélög eru ekki í eðli sínu umdeild, en til er fólk sem er á móti þeim og lætur þau fara í taugarnar á sér. Það er enginn vafi að nokkrir flutningsmenn þessa frumvarps eru í þeim hópi, miðað við önnur frumvörp sem þeir þingmenn hafa staðið á bakvið.

Trúfélög sinna mikilvægri þjónustu í samfélaginu og þeirra starfsemi er frábrugðin starfsemi annara félaga. Í húsnæði trúfélaga fara fram athafnir tengdar embættisverkum - giftingar og jarðarfarir, mikil samfélagsleg þjónusta auk þess sem heilu bæjarfélögin safnast saman í kirkjum þegar áföll hafa dunið yfir.

Bara í húsnæði kirkjunnar sem undirritaður starfar í, eru haldnar samkomur á ensku þar sem eru vikulega yfir 100 fullorðnir, allt innflytjendur. Þetta samfélag er eins og stórfjölskylda, fólk passar hvort fyrir annað, hjálpast að við atvinnuleit, huggar hvort annað þegar sorgin knýr. Ég get ekki talið hversu oft konur af erlendum uppruna hafa komist út úr ofbeldissamböndum vegna stuðnings þessa samfélags, en það rýfur einangrun og byggir brú inn í íslenskt samfélag. Í sama húsi erum við með söfnuð spænskumælandi innflytjenda. Þar er enn mikilvægari tenging því þar er oft meiri hætta á einangrun vegna tungumálsins. Þar er sama sagan, það er valdefling í samfélaginu sem þarna myndast, hlúð er að börnum, hátíðum er fagnað og þarna verður til fjölskylda.

Í báðum samfélögum er það trúin sem sameinar þetta fólk. Það myndi alls ekki allt mæta í félagsmiðstöð eða á menningarviðburði - en í kirkjunni verður til náíð og sterkt samfélag og vegna þess að það er tengt íslenskri kirkju myndast bein brú inn í íslenskt samfélag. Í húsnæði kirkjunnar er haldið upp á barnaafmæli, því fólk býr ekki alltaf í húsnæði sem leyfir það, fólk hittist þar utan samkomutíma, kirkjan verður miðstöð í lífi þessara hópa.

Þar að auki fer fram mikil sálgæsla í kirkjunni okkar, eins og annarstaðar. Þó svo að greinarmunur sé gerður á sálgæslu í kirkjunni og viðtali við sálfræðing munar það mjög miklu fyrir þá sem þurfa bara samtal að fá frítt viðtal í stað þess að borga nærri 20 þúsund krónur. Viðtölin sem hjón í erfiðleikum hafa fengið eru óteljandi og ótal skiptin sem skilnaði hefur verið afstýrt af því fólk var hjálpað, endurgjaldslaust. Í okkar kirkju er hlutfall þeirra sem fá aðstoð án þess að tilheyra kirkjunni nokkuð hátt, sérstaklega því boðið er upp á þjónustuna á ensku og spænsku.

Í kirkjunni er starfsemi fyrir þá sem eru að vinna úr sorg, námskeið sem hjálpa fólk að vinna úr áföllum fortíðar, 12 spora starf fyrir utan allt barna og unglíngastarf sem hefur gríðarlega mikið forvarnagildi.

Þetta er bara brot af þeirri starfsemi sem fer fram í einni kirkju á höfuðborgarsvæðinu - það eru engin önnur félög sem vinna slíka vinnu, ávinningur samfélagsins er mjög mikill.

Geta trúfélög ekki starfað nema lagabókstafurinn haldi sér? Jú vissulega geta þau það, en það verður erfiðara. Þessi lög eru einfaldlega viðurkenning á mikilvægi þeirrar starfsemi sem þar fer fram og með þessu fyrirkomulagi er trúfélögum hjálpað, eins og gert er fyrir margskonar starfsemi með öðrum hætti. Það eru ekki margar lóðir á hverju ári sem úthlutað er á grundvelli þessara laga, það er engin aðkallandi þörf á breytingum.

Frumvarpið opinberar fordóma í garð trúfélaga, smættar og gerir að engu samfélagslegt hlutverk þeirra og er alls ekki lagt fram með hagsmuni þeirra í huga eða með stuðningi þeirra.

Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu
Helgi Guðnason

Sæl Hildur.

Alls ekki að fella út þessa grein.

kv. Pétur í Óháða söfnuðinum



Alþingi - nefndasvið
B.t. Hildar Edwald.
Austurstræti 8-10
101, Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar - Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeypís lóðir).

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi beiðni til Reykjavíkurborgar þann 30. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga breytingu á lögum nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. (ókeypís lóðir), 50. mál.

Með tölvuskeyti dags. 4. febrúar sl. óskaði skrifstofa borgarstjórnar umsagnar embættis borgarlögmanns um erindið.

Umsögn

Í 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 segir að sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna sé skylt að leggja til ókeypís lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Í greinargerð með nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970 segir að nýleg dæmi séu þess að sveitarfélög hafi litið svo á að á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar beri þeim einnig að leggja til ókeypís lóðir undir sambærilegt húsnæði til annarra trúfélaga. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum úthlutaði fjórum lóðum til trúfélaga og nýtti sér í þeim tilvikum sérstaka lækkunarheimild í 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, með síðari breytingum, og ákveðið á grundvelli þeirrar heimildar að ekki skuli greiða gatnagerðargjöld af byggingum trúfélaga þegar lóðum hefur verið úthlutað til þeirra.

Núgildandi ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 var meginforsenda þess að Reykjavíkurborg kaus að nýta lækkunarheimild 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg með vísan til jafnræðis. Þessi rúma túlkun á 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. hefur verið nokkuð umdeild og mikið verið rætt um hvort Reykjavíkurborg hafi í raun verið skylt að undanskilja lóðir allra skráðra trúfélaga með þeim hætti sem gert var. Umrædd 9. gr. framangreindrar samþykktar sækir stoð í 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Ákvæði 9. gr. samþykktarinnar hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu þess húsnæðis sem getur fallið undir það og með vísan til þess, svo og með hliðsjón af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um jafnræði og meðalhóf og af ríkjandi sjónarmiðum um jafnrétti trúfélaga, hefur borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt að úthluta skráðum trúfélögum utan Þjóðkirkjunnar lóðum með sömu kjörum og Þjóðkirkjunni eru tryggð með lögum um Kristnisjóð o.fl., án greiðslu gatnagerðargjalds.

Með lögum nr. 6/2013 var gerð breyting á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Með breytingunni var staða skráðra lífskoðunarfélaga og trúfélaga gerð sambærileg, sbr. 1. og 2. gr.

laganna. Þessi breyting leiddi óhjákvæmilega til aukinna vandkvæða við túlkun á 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl., þar sem fleiri félög en áður töldu sig eiga rétt á lóðum á grundvelli fyrrgreindra lóðaúthlutanna til trúfélaga. Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg borist erindi frá lífskoðunarfélögum þar sem þess er óskað að fá úthlutuðum lóðum án greiðslu gatnagerðargjalds. Reykjavíkurborg hefur í öllum tilfellum synjað slíkum erindum. Í tvígang hafa aðilar kært þá ákvörðun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og krafðist þess að ráðuneytið staðfesti skyldu Reykjavíkurborgar til að úthluta lóð til þeirra á grundvelli 5. gr. laga um Kristnisjóð nr. 35/1970. Í báðum tilvikum komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga um Kristnisjóð skyldi sveitarfélög ekki til að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi til annarra en samkvæmt orðanna hljóðan. Þá kemur jafnframt fram að það sé hluti af sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélags að ákveða hvort og þá hvernig það útfærir reglur í kringum slíkar undanþágur. Enn fremur bendir ráðuneytið á að jafnvel þó sveitarfélagið hafi úthlutað lóðum til trú- og lífskoðunarfélaga án endurgjalds veiti það ekki öðrum sjálfstæðan rétt til slíkrar úthlutunar. Ráðuneytið taldi synjun Reykjavíkurborgar málefnalega og í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og féllst ekki á kröfur kæranda í málinu.

Flutningsmenn frumvarpsins leggja til að ákvæði 5. gr. laga nr. 35/1970 falli brott og trúfélög greiði fyrir lóðir líkt og almennt tíðkast og að eðlilegt sé að sveitarfélög hafi sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin landsvæði. Reykjavíkurborg tekur undir þau sjónarmið að engin rök standi fyrir því að sveitarfélögum sé skylt að láta af hendi lóðir án endurgjalds til trú- eða lífskoðunarfélaga og því er að mati Reykjavíkurborgar rétt að fella brott ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. til að gæta jafnræðis milli trú- og lífskoðunarfélaga.

F.h. Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram

Góðan daginn

Á 900. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 6. febrúar 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi og þannig bókað

2001259 - Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 351970, um Kristnisjóð o.fl

Lagður fram tölvupóstur, dagsettur 30. janúar 2020, frá nefndasviði Alþingis. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeypis lóðir), 50. mál. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur núverandi fyrirkomulag vera farsælt.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs

Kristín



Sveitarfélagið Skagafjörður

Kristín Jónsdóttir

Skjalastjóri

455 6009

kristin@skagafjordur.is